

Faghópur Ský um hagnýtingu gagna

Samþykktir

1. gr.

Faghópur Ský um hagnýtingu gagna er faghópur innan félagsins og starfar eftir reglum þess um faghópa, sjá nánar á vefsíðu félagsins (www.sky.is). Áhersla hópsins er á gögn og hagnýtingu þeirra. Með því er átt við öflun gagna, varðveislu þeirra, umsjón, öryggi, úrvinnslu og framsetningu. Markhópurinn er allir þeir sem tengjast umsjón og notkun gagna s.s. eigendur og ábyrgðarfólk gagna, tæknifólk og notendur.

2. gr.

Markmið faghópsins eru í samræmi við markmið móðurfélagsins og felast m.a. í:

- Að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um hin ólíku svið hagnýtingu gagna
- Að hvetja til samstarfs og þekkingarmiðlunar milli fyrirtækja og einstaklinga
- Að efla tengslamyndun jafnt innan geirans sem út fyrir hann
- Að stuðla að aukinni fræðslu og fagmennsku í hagnýtingu gagna
- Að stuðla að vandaðri málnotkun

3. gr.

Stjórn faghópsins er kjörin á aðalfundi Ský til eins árs í senn og er skipuð amk. fimm einstaklingum, sem útnefnir formann innan sinna raða og skiptir með sér verkum eftir þörfum.

Samsetning stjórnar skal endurspeglar sem best þekkingu og fagsvið félaga faghópsins. Hlutverk stjórnar er að vinna að markmiðum faghópsins með því að standa fyrir ýmsum viðburðum, þar með talið einum stórum viðburði á ári auk minni og óformlegri viðburða. Stjórn faghópsins skilar skýrslu um starf sitt til stjórnar Ský fyrir aðalfund Ský.

4. gr.

Félagar skulu samkvæmt reglum Ský um faghópa vera félagar í Ský og greiða þar tilskilin félagsgjöld. Þurfi hópurinn á fjármunum að halda til ákveðinna verkefna skal þeirra aflað í samráði við framkvæmdastjóra Ský.

5. gr.

Samþykktum má eingöngu breyta með einfaldri meirihlutakosningu þar sem öllum félagsmönnum gefst færi á að kjósa. Breytingartillögur og kosningafyrirkomulag skal vera kynnt með viku fyrirvara.

Samþykkt á stofnfundi 19. september 2019 (19.09.19)